

Stefndi, Útvegsbændafélag Keflavíkurhrepps vegna Sigurbjörns Eyjólfssonar, greiði stefnandanum, Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur vegna Kristófers Jónssonar, kr. 125.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. október 1940.

Nr. 7/1940. Anton Proppe f. h. h/f Dofri á Þingeyri
gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélagsins
Brynju á Þingeyri og gagnsök.

Mál út af því, hvort vinna við hraðfrystingu fisks falli undir kaupákvæði kjarasamnings um ishúsvinnu. Það ekki talið brot á 9. gr. laga nr. 80/1938, að atvinnurekandi viðurkenndi tvo af meðlimum verklýðsfélags sem trúnaðarmenn þess, þótt félagið hefði aðeins farið fram á að einn væri viðurkenndur sem trúnaðarmaður.

Dómur.

I. Aðalsök.

Hinn 20. jan. 1939 var undirritaður kjarasamningur milli atvinnurekenda á Þingeyri og verklýðsfélagsins Brynju þar á staðnum. Er 2. gr. samnings þessa svohljóðandi: „Við upp- og ofansetningu skipa, hafnarvinnu, ishúsvinnu, ístöku greiðist 10 aurum herra kaup á klukkustund heldur en í eyrarvinnu“. Þegar samningur þessi var gerður, var ekki um aðra ishúsvinnu að ræða en frystingu á hvalkjöti, sem flutt var til Þingeyrar frá Tálknafirði, og var greitt fyrir vinnu þessa skv. nefndri 2. gr. Í janúarmánuði s. l. hóf h/f Dofri á Þingeyri hraðfrystingu á fiski á Þingeyri, en áður en til þess kæmi, ritaði hann verklýðsfélaginu bréf, þar sem hann spurðist fyrir um skilning þess á því, undir hvaða ákvæði kjarasamningsins það teldi, að vinna við hraðfrystingu fisks ætti að falla, og lýsti þeirri skoðun sinni, að ekki væri ástæða til þess, að flokka þessa vinnu öðruvísi en eyrarvinnu og aðra slíka vinnu. Verklýðsfélagið svaraði þessu litlu síðar og

kvaðst álíta, að öll vinna við hraðfrystingu fisks yrði að teljast íshúsvinna, en féllst á, að til 1. júní þessa árs yrði greitt fyrir þessa vinnu sem eyrarvinnu skv. 1. gr. samningsins. Stóð svo til 1. júní, en aðiljar virðast, þrátt fyrir samkomulag þetta, hafa verið sinn á hvorri skoðun um það, undir hvaða ákvæði kjarasamningsins vinnan við hraðfrystinguna skyldi falla. Á fundi í verklyðsfélaginu 11. júní s. l., sem boðað hafði verið til samkvæmt beiðni verkafólks þess, er vann að hraðfrystingunni hjá stefnanda, var samþykkt ályktun þess efnis, að þar sem ekki væru í gildandi samningi nein ákvæði um kaupgreiðslu fyrir flökun á fiski og frystingu á honum, fæli fundurinn samninganefnd félagsins að semja við h/f Dofra um kaup fyrir þessa vinnu. Til samninga kom þó ekki, og hefir Dofri h/f skotið máli þessu til félagsdóms og gert þær kröfur, að viðurkenndur verði sá skilningur hans á framangreindum samningi milli atvinnurekenda á Þingeyri og verklyðsfélagsins Brynju, dags. 20. jan. 1939, að fyrir alla vinnu við hraðfrystingu fisks á Þingeyri beri að greiða venjulegt eyrarvinnukaup skv. 1. gr. þess samnings, að því leyti sem ekki er um hafnarvinnu að ræða, eða til vara, vinnu í frystiklefum. Þá krefst hann og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verklyðsfélagsins Brynju, hefir krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda, eftir mati dómsins.

Í málflutningnum hefir umboðsmaður stefnanda lýst því yfir, að hann byggði út af fyrir sig ekki rétt á því, að verklyðsfélagið kynni að hafa, með fundarsamþykktinni 11. júní þ. á., afsalað sér rétti til þess að fá vinnu við hraðfrystinguna greidda skv. 2. gr. samningsins, þó það hefði átt slíkan rétt, og liggur samkvæmt málflutningi aðilja það fyrir í aðalsök þessa máls að ákveða, hvort orðið „íshúsvinna“ í 2. gr. nefnds samnings feli í sér vinnu við hraðfrystingu fisks að nokkru leyti eða öllu.

Svo sem áður segir, var ekki um aðra íshúsvinnu að ræða á Þingeyri, er samningurinn frá 20. jan. 1939 var gerður, en frystingu á hvalkjöti. Ekki liggja fyrir neinar sannanir þess, að rétt hafi verið um það, þegar samningurinn var gerður, að hraðfrysting á fiski gæti komið til mála. Fullkomnar upplýsingar um vinnuaðferðir við undirbúning á frystingu hvalkjötsins liggja ekki fyrir, en sömu tæki og aðferðir eru notuð

við frýstingu þess og fisksins, en stefnandi hefir haldið því fram, að vinnan við hvalinn sé sérstaklega sóðaleg vinna, og hafi verið greitt hærra kaup fyrir vinnu við frýstingu hans af þeim sökum, en því hefir stefndi mótmælt.

Við hraðfrýstingu fisksins er aðferðin sú samkvæmt því, sem fyrir liggur í málinu, að fiskurinn er fluttur í fiskhúsið. Þar er gert að honum, þ. e. a. s. hann er afhausaður, þveginn, slægður, flakaður og flokkaður. Síðan er hann settur í frýstirinn, sem er einskonar skápur. Að frýstingu lokinni er hann pakkaður og loks fluttur í frýstiklefa til geymslu.

Ákvæði 2. gr. nefnds samnings um „íshúsvinnu“ verður að teljast undantekningarákvæði frá hinu almenna kaupgjaldsákvæði í 1. gr. hans, og má því ekki leggja viðtækari merkingu í það en orðin gefa beint tilefni til. Þar sem hér er nú bæði um nýja starfrækslu að ræða og hún með þeim hætti, sem að ofan er lýst, þykir varhugavert að telja öll störfin við undirbúning að hraðfrýstingu fisksins til íshúsvinnu. Hins vegar má telja nokkurn hluta hennar til þess flokks. Þykir rétt, meðal annars með tilliti til þess, að samskonar vinna við hvalkjötið er greidd sem íshúsvinna, að draga markalínuna þannig, að vinna við að setja fiskinn í frýstirinn, taka hann úr honum, pakka hann, að svo miklu leyti sem það er gert þá, og koma honum til geymslu í frýstiklefa, vinna í frýstiklefum sem og flutningur hans úr frýstiklefa, skuli teljast íshúsvinna og greiðast samkv. 2. gr. nefnds samnings, en önnur vinna við undirbúning frýstunarinnar (aðgerð, flökun, flokkun) skal þá greidd því kaupi, er 1. gr. samningsins mælir fyrir um.

II. Gagnsökin.

Í máli þessu hefir stefnandi haft uppi gagnkröfur á hendur stefnanda án þess að gagnstefna, skv. 53. gr. l. nr. 80/1938. Er gagnkrafta stefnda þess efnis, að Anton Proppe f. h. h/f Dofri verði dæmdur í sekt fyrir brot á 9. gr. l. nr. 80/1938, um stéttarfélag og vinnudeilur. Sektarkröfu sína byggir verklýðsfélagið á því, að 16. marz 1939 hafi það tilnefnt tvo menn til trúnaðarstarfa fyrir félagið á vinnustað h/f Dofra, og þá strax óskað þess, að annar þeirra yrði samþykktur af hlutafélaginu svo sem fyrir er mælt í 9. gr. l. nr. 80/1938. Þetta hafi h/f Dofri ekki gert, en í stað þess hafi það 17. s. m. ritað verklýðsfélaginu á þessa leið: „Viljum vér jafn-

framt, samkvæmt tilmælum yðar, samþykkja tilnefnda trúnaðarmenn yðar, hr. ... og hr. ..., báða sameiginlega eða hvorn fyrir sig, eftir ósk yðar og vilja“. Þessa afgreiðslu af hálfu h/f Dofra telur verklýðsfélagið ófullnægjandi og refsiverða samkvæmt nefndum lögum, þar sem Dofra h/f hafi aðeins verið heimilt að samþykkja annan hinna tilnefndu manna sem trúnaðarmann verklýðsfélagsins. Kveður stefndi, að ekki hafi verið unnt, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, að fá leiðréttingu á þessu hjá h/f Dofra.

Stefnandi máls þessa, h/f Dofri, hefir ekki mótmælt því, að lagður yrði dómur á kröfu þessa í þessu máli, en hefir krafizt sýknu af refsikröfu stefnda og málskostnaðar úr hendi hans.

Enda þótt segja mætti, að réttara hefði verið af h/f Dofra að tilnefna aðeins annan manninn sem trúnaðarmann, eins og um var beðið, verður ekki talið, að hann hafi gerzt brotlegur við 9. gr. 1. nr. 80/1938 með því að tilnefna báða mennina. Réttur verklýðsfélagsins var síður en svo fyrir borð borinn með því, þar sem því var með tilnefningu h/f Dofra gefinn í hendur endanlegur ákvörðunarréttur þess, hvor mannanna skyldi koma fram gagnvart atvinnurekandanum sem trúnaðarmaður félagsins, og gefinn kostur á að hafa þá tvo, ef það kærði sig um. Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnanda af gagnkröfu stefnda.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað í aðalsök og gagnsök falla niður.

Því dæmist rétt vera:

I. Vinna við undirbúning að hraðfrystingu fisks hjá h/f Dofra á Þingeyri, að því leyti sem ekki er um hafnarvinnu að ræða, skal greidd því kaupi, sem fyrir er mælt í 1. gr. kjarasamnings milli aðilja máls þessa, dags. 20. jan. 1939. Þó skal öll vinna við að setja fiskinn í frystirinn og taka hann úr honum, þökkun hans, sú er þá fer fram, flutningur í frystiklefa, vinna í frystiklefa og flutningur úr frystiklefa greidd sem íshúsvinna samkv. 2. gr. nefnds samnings.

II. Stefnandi h/f Dofri, á að vera sýkn af sektarkröfu stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. verklýðsfélagsins Brynju á Þingeyri.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.